Barnaskólabrekkan.

Reykjavík, síðasta
vetrardag 1937.

2 blöð qto.

11.

Barnaskólabrekkan.

Hvergi á bygdu bóli, hvorki hér í landi né erlendis, mun svo vera ad skólabörnum búid, barnakennurum og bæjarbúum yfirleitt, sem hér er gert, med því ad láta þad vidgangast óátalid og umbótalaust, ár eftir ár, ad brekkan ofanvert vid midbæjarbarnaskólann skuli látin vera svo sem hún er. Þad er hvorttveggja í senn, ad hún er mörgum bæjarbúum til hins mesta ama og óánægju, hvad útlit hennar áhrærir, en einkum þó hversu hættuleg og skadsöm hún er fyrir skólabörnin og til mikilla erfidismuna og óþurftar fyrir kennara skólans.

Útlitid er þannig, ad í hvern veg sem til hennar er litid og hún virt fyrir sér, lítur hún út eins og ólgandi hafalda, med fyssandi og freydandi bárum á úfnum útsæ; en þegar betur er ad gætt, er hún stallur vid stall, þrep vid þrep, med óreglulegum þúfuhnottum og auridrifnum krákustígum og moldarflögum hér og þar. Landslagid þarna er því hvorki vel til þess fallid ad bæta um fegurdarnæmi barnanna, né hreinlætiskend þeirra og heilsuvernd: Brekkan er ógedsleg, þekk mjög og óþokkaleg í alla stadi.

En skadsemi hennar er m. a. í því fólgin, ad hvort sem hún er auri ötud eda ísi hulin og snjó, sækja börnin þangad mjög í frístundum sínum og hvendr sem þau ern ad leikjum í leikvelli skólans, renna sér nidur brekkuna, og réfa fót sín og verda því holdvot og köld; þannig til reika setjast þau svo inn í skólabekkina og ritja þar tímunum saman, uny bleytan og forin þornar af sjálfu sér inn í þau. Má af þessu sjá, hversu heilsusamlegt þad er fyrir þau og holt, er þau koma út úr skólanum í hvada vedri sem er.

Eins og nú er komid virdingu barna hér í bæ ~~yfirleitt~~ fyrir aganum og hýdnisskyldunni yfirleitt, er óþætt ad telja þad óvinnandi verk

fyrir hvada kennara sem er og honum ofvaxid, ad hafa nokkurn hemil á ~~þór ad aftra~~ 1500-1600 börnum, sem skólann sækja og aftra þeim frá þór ad ata sig út í forædi þessu eda stía þeim frá þór, enda veit ég ad margir þeirra og sennilega allir gefast algjörlega upp vid þad, þótt af begta vilja sén gerdir: þeir ráda alls ekki vid þad og verda ad sætta sig oft á tídum vid þad ad sjá börnin koma inn í kenslutímana rifin og illa til reika, jafnvel meidd ede skrámud á höndum og fótum, enda er brekkan svo brötts og há, ad lítt mögulegt er fyrir börnin ad fóta sig á hemi: þau verda ad renna sér indur, hvad sem fyrir er og vid tekur. þad er þór ómuflýjanleg naudsyn ad eyda brekkunni med öllu og jafna hana vid jördu.

Hænguriun á þessu kvad ún samt vera talinn sá, ad lega Laufásvegar, sem brekkan liggur upp ad, eigi „med tímanum" ad taka ~~aftra~~ stefnu en ún er og liggja yfir brekkuna og leikvöllinn. En getur þetta ekki „med tímanum", ordid ærid afdrifaríkt fyrir börnin, eda er nokkur þörf á ad bída eftir þór?

Annars gegnir þad hinni mestu furdu, ad bæjarstjórn og skólanefnd skuli hafa látid þetta atridi í uppeldismálum bæjarins afskiftalaust med öllu svona lengi, jafn áhrifaríkt sem þad þó er fyrir heilsuvernd skóla barnanna, fegurdarnæmi þeirra og hreinlætiskend. —

Ad lokum vil ég geta þess, í sambandi vid þetta mál, ad ég mun leyfa mér ad minnast sídar á ýmislegt þad, er sýnir bædi mér og ödrum og þá eigi sízt erlendum mönnum, er hingad koma, hversu áfátt oss er í ýmsu, er lýtur ad þór ad ~~þór, ad láta~~ höfudstadur vor lítá ~~eitthvad dálítid~~ snyrtilega út ~~en ún er~~. Vona ég, ad geta gert þetta, án þess ad fyrta neinn eda særa; vér eigum allir sök á þór og erum skyldir til ad benda á umbætur á ~~þessum efnum~~ þór, ef mit er ad fá þad logfærts.

Reykjavík, sídasta vetrardag 1937

[signature]